

Nd.

470. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um verslunaratvinnu.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 4. gr. Fyrir »nema ráðherra . . . stöðu þeirra« komi; nema bæjarstjórn eða sveitar mæli með því.
2. Við 5. gr. Síðasti málslíður (»Ráðherra er þó . . . ef sjerstaklega stendur á«) falli niður.
3. Við 6. gr. Orðin »nema sveitaverslun sje« í fyrstu málsgrein falli niður.
4. Við 11. gr. Fyrir »telji heppilegt . . . reka þá verslun« komi; leyfi og telji umsækjanda hæfan til að reka verslun, enda sje hann búsettur í sveitinni og hafi jörð eða jarðarhluta til ábúðar.
5. Við 14. gr.
 - A. Fyrir »Það varðar sektum« í upphafi 1. málsg. komi: Sektum varðar.
 - B. Fyrir »ef maður« í niðurlagi 1. málsg. komi: ef einhver.
 - C. 1. tölul. gr. orðist svo:

Rekur verslun, er leyfis þarf til eftir lögum þessum, án þess að hafa fengið leyfið eða eftir að hann hefir mist það.